

Fundargerð

Stjórnarfundur nr. 130

31. janúar 2024

Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar fundaði í fjarfundarbúnaði miðvikudaginn 31.janúar 2024 kl. 17:15.

Mætt voru: Helga Margrét Friðriksdóttir (í fjarveru Bergs Þorgeirssonar), Bjarki Þór Grönfeldt, Flosi Sigurðsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Inga Dóra Halldórsdóttir, Sigursteinn Sigurðsson og Bragi Þór Svavarsson skólameistari.

Fundargerð ritaði Sigursteinn Sigurðsson

1. Fundur settur og fundargerð fyrri fundar borin upp til samþykktar

Formaður stjórnar bauð fundarfólk velkomið og setti fundinn. Engar athugasemdir bárust við fundargerð frá fundi nr. 129 og var hún samþykkt.

2. Fjárhagsáætlun 2024-2026

Skólameistari fór yfir fjárhagsáætlun fyrir árin 2024-2026 og fóru fram umræður um áætlunina.

Skólameistari fór yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 með tilliti til breytingar frá fyrri umræðu. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2024 kom fram hækkun á framlagi til MB, en sú hækkun byggir á að reiknað er með 130 ársnemum í stað 120. Stjórn fagnar þessum breytingum. Fjárhagsáætlunir til þriggja ára voru bornar undir fundinn til samþykktar ásamt neðan greindum viðauka og samþykktar einróma.

„Í frumvarpi til fjárlaga er tekið tillit til verðlagshækkana en ekki launahækkana. Flestir kjarasamningar milli ríkis og stéttarféлага eru lausir á fyrri hluta ársins 2024. Þegar búið er að semja við stéttarfélögin munu í kjölfarið verða breytingar á framlaginu. Af þeirri ástæðu er ekki heldur gert ráð fyrir kjarasamningsbundnum launahækkunum í þriggja ára áætlun Menntaskóla Borgarfjarðar.“

3. Ársreikningur 2023

Drög að ársreikning 2023 liggja ekki fyrir á þessum tímapunkti, en vinnan við gerð ársreiknings gengur vel og von er á drögum í byrjun mars 2024. Skólameistari fór yfir einstaka liði í ársreikningi.

4. Húsnæðismál nemenda á vorönn 2024

Upplýst um að verið er að skoða húsnæðismál fyrir nemendagarða. Almennur húsnæðisskortur í samfélaginu er áhyggjuefni og getur haft áhrif á aðsókn nemenda sem koma lengra að. .

5. Skólastarfið 2023-2024

Rætt um starfsmannamál og fyrirséðar breytingar á næstu misserum. Farið var yfir teymisvinnu starfsfólks og stjórn kynnt teymi sem eru starfandi. Stefnt er að því að MB standi fyrir opnu málþingi á vordögum, vinna við undirbúning þess er hafin.

6. Önnur mál

- a) Boðun hluthafafundar. Tilkynna þarf umboð stjórnarmanna til fyrirtækjaskrár til að staðfesta umboð þeirra til starfa innan stjórnar MB. Endurnýja þarf umboð á hluthafafundi og er skólameistara falið að skipuleggja og boða hluthafafund þar sem þetta eina mál er á dagskrá.

Fleira var ekki gert og fundi lauk 18:28.